

REGLUGERÐ

um sérstök togveiðisvæði samkvæmt lögum nr. 38/1990.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði B., F. og G. liðar 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, er öllum skipum heimilt að stunda veiðar með botnvörpu á eftirgreindum svæðum og tímum:

- A. Í Héraðsflóa, frá og með 1. september 1991 til og með 31. desember 1991, frá línu réttvísandi austnórðaustur af Bjarneyjarvita að línu réttvísandi austnórðaustur af Ósflæs (65°37'8 N, 13°55'3 V), utan línu, sem dregin er í einnar sjómílu fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.
- B. Utan Breiðafjarðar, frá og með 1. október 1991 til og með 31. desember 1991, norðan 65° og utan fjögurra sjómílna frá línu, sem dregin er úr Öndverðarnesvita í Bjargtanga (65°30'2 N, 24°32'1 V). Að norðan markast svæðið af línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum.
- C. Fyrir Vestfjörðum, frá og með 1. október 1991 til og með 31. desember 1991, utan línu, sem dregin er 8 sjómíllur utan viðmiðunarlínu samkvæmt lögum nr. 81/1976, frá línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum að línu, sem dregin er 328° réttvísandi frá Saudanesvita (66°07'1 N, 23°39'2 V). Norðan línu, sem er dregin 317° frá Óshólavita í Ísafjarðardjúpi norður um að 22°44'0 V, eru togveiðar með botnvörpu heimilaðar utan fjögurra sjómílna frá viðmiðunarlínu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 21. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. ágúst 1991.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Rangæinga.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Rangæinga, er taki gildi 1. september 1991:

Gjaldskrá Hitaveitu Rangæinga, nr. 371, 13. september 1990:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 4,63%.

Iðnaðarráðuneytið, 23. ágúst 1991.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.